

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. janúar 2023 eftirfarandi:

Vífilsstaðavegur og Bæjarbraut, breytt deiliskipulag.

Breytingin gerir ráð fyrir útisvæði veitingastaða og verslana við Garðatorg.

Hnoðraholt norður, breytt deiliskipulag, Þorraholt 1.

Breyting á lóðinni Þorraholt 1 felst í að falla frá kröfu um eitt stæði í bílakjallara fyrir tveggja herbergja íbúðir og mæta bílastæðapörf þeirra utandyra.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 31. janúar 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 1. febrúar 2023